

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Samfélagsfræði

Bekkur/hópur: 7. bekkur

Kennari: Hrönn Björnsdóttir

Tímabil: Haustönn 2023- 2024

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið aðalnámskrár lögð til grundvallar.

- Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.
- Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.
- Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.
- Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.
- Nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.

Helstu námsbækur og gögn:

- Evrópa lesbók og verkefni
- Youtube myndbönd
- Verkefni með notkun tölvu/ipad
- Kennslubókin Frá Róm til Þingvalla
- Fjölskyldan á 20 öld
- Bækur um trúarbrögð

Leiðsagnarmat:

Hvað verður metið, hvernig og hvenær

- Metið verður eftir vinnusemi í kennslustundum
- Metið verður eftir samvinnu við aðra nemendur.
- Kannanir á þekkingu nemenda í gegnum Kahoot.
- Kynningar þar sem nemendur meta hvort annað, jafningjamat og sjálfsmat.
- Verkefni metin með bókstöfum.

Ágúst- nóvember, 2023.

Námsefni: Frá Róm til Þingvalla

Hæfniviðmið: Nemendur kynnist helstu trúarbrögðum heims. Nemendur öðlist þekkingu á sögu Evrópu frá Rómverjum, upphafi kristni fram til víkingaaldar og sögu Íslands frá landnámi fram yfir kristnitöku.

Verkefnavinna: Nemendur svara spurningum og vinni verkefni inn á google classroom, geri kynningu um trúarbrögð og kynni fyrir öðrum nemendum, hanni dúkkulísur eftir merktum einstaklingum úr bókinni og búi til myndband. Nemendur horfa á myndina Ástríkur og Steinríkur og vinni verkefni úr þeirri mynd.

Desember: Nemendur læri um hindúatrú og búddatrú og vinni að gerð bæklinga um trúarbrögð sem þau draga sér.

Janúar - mars 2024

Námsefni: Evrópa lesbók og vinnubók

Hæfniviðmið: Nemendur öðlist þekkingu á landsvæðum í Evrópu, helstu borgum, atvinnuháttum, menningu, samgöngum, tungumálum og samfélagi. Nemendur vinni með forrit í tölvum.

Verkefnavinna: Nemendur vinna í google umhverfinu og heimasíðu tengdri Evrópu.

Apríl og maí 2024

Námsefni: Fjölskyldan á 20 öld

Hæfniviðmið: Nemendur læra um samfélag á Íslandi og breytingar á 20 öldinni.

Unnið með samfélagið í dag og hvernig við horfum til framtíðar. Merkir atburðir á 20 öldinni ræddir. Horft á Stellu í orlofi og unnið með þá mynd.

Verkefnavinna: Nemendur vinna ýmis verkefni tengt bókinni.